

8. fundur - Stjórnarfundur foreldrafélags Réttó – 02.04.2019

Mættir: Björk, Ingunn Mary, Brynja, Erla, Gígja, Sigrún Birna, Svanhvít, Baldvin, Íris, Linda, Jóhann Gunnar

Dagskráin:

- Páskabingó
- Hverfisrölt
- Fjáröflun vor
- Sumardagurinn fyrsti
- Starfsreglur
- Gjöf til skólans
- Fyrirlestur að vori
- Annað

Efni fundarins:

Páskabingó verður haldið 10. apríl. Það gengur vel að safna vinningum. Þarf að útbúa auglýsingu fyrir kvöldið, mikilvægt að það komi fram að bara er hægt að borga með peningum. Sent verður á mentor og fb auglýsing til foreldra um að koma með vinninga á skrifstofu ef þeir hafa getað útvegað vinninga. Jóhann Gunnar, kannar hvort hann geti verið Bingóstjóri. Nemendaráði verður boðið að vera með veitingasölu. Páskabingónefnd hittist og klárar að skipuleggja, Svanhvít er í forsvari fyrir páskabingó að þessu sinni. Mæting 16.30, 10. apríl.

Hverfisrölt: Sagt var frá samstarfi við Bústaði og aðra skóla í hverfinu. Heildarhugsunin er að allir foreldrar í hverfinu taki þátt svo hvert foreldri rölti c.a. einu sinni á ári. Um er ræða helgar c.a. frá mars og fram á haust þó með hlé yfir sumarið. Verið er að móta hugmyndina til að búa til öruggara hverfi. Hugmyndir eru um að foreldrar séu vel merktir. Formenn stjórnar munu fara á fund í næstu viku vegna þessa. Ræða þarf þessa hugmynd og halda áfram að þróa hana, t.d. hvaða tímar henta fyrir ákveðna foreldra og að það sé einhver hvatning milli foreldra til að taka þátt. Mikill áhugi er á að koma þessu í gang fyrir vorið. Stjórnin mun fá sendar frekari upplýsingar um þetta.

Fjáröflun: Rætt var um hvort ástæða sé til þess að koma á fjáröflun að vori, en ákveðið var að hafa þetta með óbreyttu sniði, þ.e. að fjáröflun verði áfram að hausti. Farið er á Laugar, 9. bekkur og Skagann, 10. bekkur, frá miðjum sept. Ákveða þarf fjáröflunarnefnd fyrir haustið.

Sumardagurinn fyrsti: Formenn eru boðaðir á fund í kirkjunni vegna dagsins. Ingunn Mary mun sjá um það.

Starfsreglur: Ákveðið var á jólafundi foreldrafélagsins að fylgja ábendingum SAMFOK um að foreldrafélög skuli sbr. 9. grein laga um Grunnskóla 91/2008 setja starfsreglur fyrir starfsemi foreldrafélagsins. Björk og Áslaug fara í það mál. Reynt verður að hafa drög að starfsreglum tilbúna fyrir næsta fund þannig að tækifæri gefist til rýni áður en þær verða samþykktar á síðasta fundi stjórnar að hausti.

Gjöf til skólans: Stjórn foreldrafélagsins stefnir að því að gefa skólanum gjöf í vor sem nýtist í skólastarfinu. Jóhann Gunnar beðinn að athuga með hvers konar gjöf til skólans kæmi sér vel í skólastarfinu fyrir nemendur. Rætt um hljóðkerfi sem hugmynd að gjöf.

Fyrirlestur að vori: Ákveðið að kanna með fyrirlestur frá Kvan. Innihald fyrirlestursins eru jákvæðir og neikvæðir leiðtogar. Kostnaður er kr. 65.000. Athuga með 8. maí kl. 20. Brynja hefur samband við KVAN.

Annað:

Lokaball: Það á eftir að vera lokaball, ekki er komin dagsetning á það.

Á fundinum var spurt út í Olweusar spurningar. Ekki eru komnar niðurstöður. Þær fara mögulega inn á heimasíðuna.